

- 116** a. eintök af bæjar- eða hússkýrslum handa teljurunum til þess að rita á
7. okt. þær manntalið á hverjum bæ, hverju húsi eða skipi o. s. frv.
- b. eintök af teljaraskrá, sem eru kallaðar fylgiskjal I, til að telja upp
á þeim alla bæi eða hús, sem þeir hafa talið á, o. s. frv.
- c. eintök af »Fyrirmyndum« handa þeim, sem verða skipaðir teljarar, og
sem sýna hvernig bæjar- eða hússkýrslurnar eru fyltar út.
- d. eintök af sóknarskýrslum, sem kallaðar eru fylgiskjal II, til þess að
rita á þær allar teljaraskrárnar í sókninni, o. s. frv.

Fyrir 15. desember eiga prestarnir að hafa sent prófastinum skrár sínar ásamt hinum itarlegri skýrslum, er þeir hafa fengið frá aðstoðarmönnum sínum, og þareftir ber prófastinum að senda öll skjölin til stjórnarráðsins með þeim at-
hugasendum, er hann kann að finna tilefni til, svo fljótt, sem mögulegt er.

117 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumanna um heimsending danskra skipbrotsmanna.**

27. okt. Stjórn utanríkismálanna hefir í bréfi, dags. 16. f. m., kvartað yfir því, að í seinni tíð hafi það þrífaldlega komið fyrir, að krafist hafi verið endurgjalds úr ríkissjóði á kostnaði við heimsendingu skipshafna á dönskum skipum, er strandað hafa hér við land, án þess skjöl þau, er flutninginn hafa snert, hafi borið með sér, að hlutadeigandi lögreglustjóri hafi séð um flutninginn, og stundum hafi það jafnvel komið ljóst fram, að lögreglustjóri hafi ekki stjórnað flutningnum eða haft nokkur afskipti af honum.

Útaf þessu skal stjórnarráðið leiða athygli yðar, herra sýslumaður, að bréfi landshöfðingja um heimsending útlendra skipbrotsmanna 20. desbr. 1895 (Stj.tið. B. 1895 bls. 238—239). Er þar tekið fram í hvaða tilfellum ríkissjóði ber skylda til að endurborga kostnað við heimsendingu skipbrotsmanna, að lögreglustjórar eigi að annast heimsendingu þeirra og hvernig flutningnum eigi að haga; sérstaklega skal tekið fram, að gæta ber hæfilegrar sparsemi við heimsendinguna, að skipshöfnina ber að senda með dönskum skipum, ef auðið er, en ef því verður ekki við komið og skipshöfnin er send með öðrum skipum, þá ber lögreglustjóra tafarlaust að skýra stjórnarráðinu frá flutningnum og ástæðum fyrir því, að danskt skip varð ekki notað, hvað flutningurinn hafi kostað o. s. frv.

Þegar skipshöfninni er tekið far með dönsku skipi, ber lögreglustjóra bréflaga að tjá skipstjóranum á skipi því, er tekur skipshöfnina til flutnings, að samkvæmt 34. gr. dönsku sjólaganna og tilskipun 17. maí 1893 sé hann skyldur til að veita skipshöfninni viðtöku til flutnings, og að hann hafi ekki heimting á hærri borgun fyrir flutninginn en til er tekin í nefndri tilskipun.